

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagna-
kerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
www.gira.com
info@gira.com

4992 62 34/11

Öryggisleiðbeiningar

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum getur það valdið skemmdum á tækinu og skapað eldhættu eða aðra hættu.

Rjúfið strauminn áður en unnið er við tækið eða tengdan rafbúnað. Þegar það er gert skal gæta að öllum sjálfvörum sem veita hættulegri spennu til tækis eða tengds rafbúnaðar.

Tengja verður varnarleiðara, sjá ❶ á mynd 1!



Athugið: Farið eftir DIN VDE 0834.

Farið eftir því sem fram kemur í DIN VDE 0834 og öðrum reglum ef svo á við.

Virgni

Plus-stjórnstöðin í Gira kallkerfi 834 Plus stjórnar og fylgist með tækjum sem tengd eru við stöðvarbrautina, s.s. herbergisstöðvum með og án taleiningar. Með kerfisbraut (834 Plus LAN) er tækið e.t.v. í sambandi við kerfisstjórnstöð (stillingin "Stórt kerfi" í Aðstoð fyrir grunnstillingu).

Einnig er hægt að stjórna og fylgjast með Gira kallkerfi 834 Plus frá stakri Plus-stjórnstöð án kerfisstjórnstöðvar (stillingin "Lítið kerfi" í Aðstoð fyrir grunnstillingu).

Öll tæki í kerfinu finnast sjálfkrafa. Hægt er að bæta tækjum við kallkerfið eða fjarlægja þau síðar.

Plus-stjórnstöðin er strax tilbúin til notkunar en hægt er að færa inn frekari stillingar með Aðstoð fyrir grunnstillingu í tækinu.



Athugið: Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir kerfið.

Kynnið ykkur alla eiginleika tækisins og kallkerfisins í heild sinni. Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir kerfið og notist við upplýsingarnar á hjálparsvæði Aðstoðar fyrir grunnstillingu. Á meðfylgjandi geisladiski er að finna útgáfur notkunarleiðbeininganna fyrir kerfið á öðrum tungumálum.

Innifalið

- Stjórnstöð með grunnstillingarhugbúnaði.
- Lykkjur til að virkja álagsviðnám á stöðvarbraut.
- Tengi fyrir stöðvarbraut og spennugjafa.
- Notkunarleiðbeiningar fyrir kerfið á þýsku og yfirlitsmynd af kerfinu (á prenti) auk PDF-skráa með notkunarleiðbeiningum á öðrum tungumálum á meðfylgjandi geisladiski.

Uppsetning

Setja skal Plus-stjórnstöðina upp á þurrum stað þar sem lítið er um ryk og loftræsting er góð.

Gert er ráð fyrir uppsetningu á DIN-skinnu.



Varúð! Hætta á ofhitnun!

Ef uppsetningarstaðurinn hentar illa getur hitamyndun leitt til þess að tækið ofhitni. Það getur valdið skemmdum. Sjáið til þess að loftræsting sé nægileg til að koma í veg fyrir hitamyndun.




Varúð! Setjið tækið ekki upp á sjúkrastofu!

Setja verður tækið upp á öruggan hátt. Fagmenn verða að geta komist að tækinu á öllum tímum.

Tengi

Myndin hér fyrir neðan sýnir tengin á Plus-stjórnstöðinni:



Skýringartexti við mynd:

- | | |
|-----------------------------|---------------------|
| ❶ Tengi fyrir varnarleiðara | ❷ Ytra LAN RJ45 |
| ❸ Ljósdióðan grænStraumur á | ❸ 834 Plus LAN RJ45 |
| ❹ Ljósdióðan gulBus virkur | ❹ Stöðvarbraut |
| ❺ +24 V/GND DC-spennugjafi | ❺ 2 x USB |
| | ❻ VGA-tengi |

Mynd 1: Tengi á stjórnstöðinni

Skilyrði fyrir því að tækið sé tekið í notkun

Til þess að hægt sé að nota Plus-stjórnstöðina verður að tengja hana við spennugjafa og við stöðvar- eða kerfisbraut.

- Stofubraut, stöðvarbraut og e.t.v. kerfisbraut (með stillingunni "Stórt kerfi") eru uppsettar og tilbúnar til notkunar.
- Stjórnstöðin er **fyrsta** tækið í stöðvarbrautinni. Hjá **síðasta** tækinu á brautinni (Bus) verður að nota meðfylgjandi lykkjur til að virkja álagsviðnám.

GIRA

- Ytri spennugjafi (pöntunarnr.: 5999 00, með órof. straumgj. eða pöntunarnr.: 5998 00/5981 00) er uppsettur og tilbúinn til notkunar. Notið meðfylgjandi tækjatengi til að tengja.
- Tölva til að taka kerfi í notkun, með uppsettan vafra og tengingu við staðarnet um netsnúru (Patch eða Crossover) er til staðar.

Búnaðurinn tekinn í notkun

1. Tengid spennugjafann við stjórnstöðina.

**Varúð! Spenna er á stjórnstöðinni!**

Enginn aflrofi er á Plus-stjórnstöðinni. Plus-stjórnstöðin ræsir sig um leið og ytri spennugjafinn er tengdur. Ræsingin tekur allt að 60 sekúndur.

2. Tengid tölvuna sem nota á til að taka kerfið í notkun við tengid "Extern-LAN" með netsnúru.

**Athugið: IP-tölusvið tölvu.**

Gætið þess að IP-tala tölvunnar sem notuð er til að taka kerfið í notkun sé á bilinu 192.168.0.1 til 192.168.0.254 (ekki 192.168.0.111) (undirnetsmát: 255.255.255.0). Nánari upplýsingar um þetta atriði er að finna í kaflanum "Grundvallaratriði varðandi Ethernet" í notkunarleiðbeiningunum fyrir kerfið.

3. Ræsið vafra í tölvunni. Sláið inn IP-töluna 192.168.0.111 í vefslóðarglugga vafrans.

Upphafsskjámynd Aðstoðar fyrir grunnstillingu opnast.

GIRA Aðstoð fyrir kallkerfi 834 PlusAðstoð fyrir kallkerfi 834 Plus



Velkomin(n)!

Nafn kerfisstjóra

Lykilorð

☒ Velja tungumál fyrir Aðstoð

Choose a language for the Gira Assistant (only used for this session)

Íslenska

Skrá inn

Mynd 2: Upphafsskjámynd stjórnstöðvar

1. Veljið tungumálið sem á að nota þegar Aðstoð fyrir grunnstillingu er ræst.
2. Sláið inn "admin" í reitinn fyrir nafn kerfisstjóra og "admin" í reitinn fyrir lykilorðið.
3. Smellið á "Skrá inn".

Ákveðið hvaða gerð kerfis á að nota.

**Athugið: Stjórnstöðvarnar eru grunnstilltar fyrirfram.**

Stjórnstöðvarnar eru grunnstilltar fyrirfram fyrir notkun í stóru kerfi (með kerfisstjórnstöð). Í þessu tilviki skal færa inn frekari stillingar í Aðstoð fyrir grunnstillingu í kerfisstjórnstöðinni.

Gerid eftirfarandi ef nota á tækið í litlu kerfi (aðeins með þessari stjórnstöð):

GIRA Aðstoð fyrir kallkerfi 834 PlusAðstoð fyrir kallkerfi 834 Plus

Hætta

Ákvarða gerð kerfis

Hvernig á að nota þessa stjórnstöð?

☐ Sem hluta af stóru kerfi með kerfisstjórnstöð

Ekki er hægt að stilla nema að kerfisstjórnstöð sé tengd við ytra staðarnet.

☒ Sem lítið kerfi án kerfisstjórnstöðvar

Stjórnstöðin virkar á sama hátt og kerfisstjórnstöð en með takmörkuðum eiginleikum.

Mikilvægt: Í þessu tilviki má stjórnstöðin ekki vera tengd við kerfisstjórnstöð.

Vista

Áfram

Mynd 3: Gerð kerfis ákvörðuð

1. Veljið "Lítið kerfi".
2. Smelltt er á "Vista" til að vista breyttu stillingarnar.
3. Smellið á "Áfram".

Yfirlitssíða Aðstoðar fyrir grunnstillingu opnast.

GIRA Aðstoð fyrir kallkerfi 834 PlusAðstoð fyrir kallkerfi 834 Plus

Grunnstilling eininga í kerfi	Grunnstilla stöðvar	☐
	Taka stöðvarhluta saman	☐
Samtengingar og þjónustur	Grunnstilla altækan þjónustutíma	☐
	Grunnstilla samtengingar	☐
Skráning	Röskskipan Raunskipan Heildarskráning	
Kerfisgreining	Sýna nýjustu tilkynningar	
	Annálaskrár	
Kerfisstjórnun	 Setja upp nettengingu	
	Aðgangsupplýsingar Dagsetning og tími Öryggisafrit/endurheimt	
	Tungumálstillingar	
	Altækar stillingar	

Mynd 4: Yfirlitssíða Aðstoðar fyrir grunnstillingu

Er þá hægt að breyta stillingum kerfisins. Leitið frekari upplýsinga í notkunarleiðbeiningunum fyrir kerfið og notist við upplýsingarnar á hjálparsvæði Aðstoðar fyrir grunnstillingu.

**Athugið: Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir kerfið.**

Kynnið ykkur alla eiginleika tækisins og kallkerfisins í heild sinni. Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir kerfið og notist við upplýsingarnar á hjálparsvæði Aðstoðar fyrir grunnstillingu. Á meðfylgjandi geisladiski er að finna útgáfur notkunarleiðbeininganna fyrir kerfið á öðrum tungumálum.

**Athugið: Tengid Gira kallkerfi 834 Plus við staðarnet.**

Ráðfæra skal sig við kerfisstjóra staðarnets áður en netstillingum er breytt.

Ef tengja á stjórnstöðina við fyrirliggjandi staðarnet (sjúkrahúss) er hægt að grunnstilla tengid "Extern-LAN" í valmyndaratríðinu **Kerfisstjórnun / Setja upp nettengingu** (á mynd 4 (**1**)) í Aðstoð fyrir grunnstillingu.

**Athugið: Notkun tímaþjóns.**

Ef Plus-stjórnstöðin er ekki tengd við ytra staðarnet (t.d. fyrirtækis- eða sjúkrahússnet) með tenginu "Extern LAN" er ekki hægt að sækja kerfistímamann fyrir Gira kallkerfi 834 Plus sjálfkrafa af tímaþjóni (NTP-þjóni) á internetinu.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérsverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center

Tæknilýsing

Rekstrarspenna:	24 V DC
Rafmagnsnotkun:	300 mA
Umhverfishiti:	-5 °C til +50 °C
Hitastig við geymslu:	-25 °C til +75 °C
Rakastig:	hám. 90 %
Varnarflokkur:	IP 20
Tengiklemmur:	Ø allt að 2,5 mm ²
Uppsetning:	Gert er ráð fyrir uppsetningu á DIN-skinnu.